

## Tónheyrn F2

Tónheyrn F2 er annar áfangi af fjórum í tónheyrn til framhaldsprófs. Að honum loknum er ætlast til þess að nemendur séu tilbúnir að takast á við tónheyrn F3. Í tónheyrn F2 er áfram fengist við efni sem lært hefur verið í fyrri tónheyrnaráföngum og nokkru efni bætt við auk þess að ætlast er til að nemendur geti fengist við þyngri dæmi en áður.


### Námsefni:

*The Folk Song Sight Singing Series* bækur 3-4

*Rhythmic Training* eftir Robert Starer

*Elementary Training for Musicians* eftir Paul Hindemith

*Manuel Pratique* eftir Georges Dandelot



Bækurnar fást í Vaski.

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Tónheyrn F2.

### Nótnalestur

Nemandi

- hafi gott vald á nótnalestri, jafnt í G-lykli sem F-lykli.

### Hrynur

Nemandi

- geti flutt undirbúin hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með lengdargildum og samsvarandi þögnum allt að sextándupörtum sem og með tríólum, synkópum, einföldum punkteringum og yfirbindingum.
- geti flutt óundirbúin hryndæmi, léttari en hin undirbúnu í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með sextándapartsnótum og sextándapartsþögnum, tríólum, synkópum, einföldum punkteringum, yfirbindingum og þögnum.
- geti farið með tveggja radda hrynfingar.
- geti skrifað niður eftir heyrn hryndæmi með synkópum, tríólum, yfirbindingum og þögnum.

### **Laglína og tóntegundir**

Nemandi

- geti sungið alla dúr- og molltónstiga á söngheitum og nótnanöfnum upp og niður frá sérhverjum tóni.
- geti stokkið viðstöðulaust á milli allra tóna dúr- eða molltónstiga.
- geti sungið undirbúnaðar laglínur í öllum dúr- og molltóntegundum með öllum tónbilastökkum innan áttundar á nótnanöfnum og söngheitum, án undirleiks.
- geti sungið óundirbúnaðar laglínur, léttari en hinar undirbúnaðar, með eða án söngheita, án undirleiks.

### **Tónbil**

Nemandi

- geti sungið öll tónbil innan áttundar upp og niður frá gefnum tóni.
- geti greint eftir heyrn öll tónbil innan áttundar sem leikin eru upp eða niður frá gefnum tóni eða í samhljómi.

### **Hljómar**

Nemandi

- geti greint eftir heyrn á milli eftirfarandi þríhljómsgerða: dúr, moll, minnkaður og stækkaður.
- geti greint eftir heyrn hljómhvörf stakra dúr- og mollþríhljóma.
- geti skrifað niður eftir heyrn einfaldar hljómaraðir innan tóntegundar, bæði í dúr og moll, í grunnstöðu án sjöundar.

### **Taktsláttur**

Nemandi

- hafi gott vald á taktslætti í tví-, þrí-, fjór-, fimm-, og sexskiptum takti og geti beitt honum við lestur laglína og hryndæma, jafnt undirbúið sem óundirbúið.